

FRÁSÖGN

af fundi Evrópuráðsþingsins í Strassborg 26.–30. júní 2017.

Af hálfu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins sóttu fundinn Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, formaður, Vilhjálmur Árnason, varaformaður, og Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, varamaður, auk Bylgju Árnadóttur ritara. Helstu mál á dagskrá voru mannréttindi flóttafólks og viðbrögð Evrópulanda við flóttamannastraumnum og breytingar á þingsköpum Evrópuráðsþingsins. Þá var hryðjuverkaógnin í Evrópu, ofbeldi gegn konum á almannasvæðum og staða lýðræðis og mannréttindamála í Hvíta-Rússlandi einnig til umræðu.

Stærsta mál sumarþingsins var tillaga um breytingar á þingsköpum Evrópuráðsþingsins þannig að hægt væri að lýsa vantrausti á forseta þingsins, varaforseta þess og formenn nefnda og setja þá af. Skýrsla málsins og tillagan bar heitið *Styrking ábyrgðar í þinginu* og átti uppruna sinn í deilum um forseta þingsins, Pedro Agramunt. Hann hafði legið undir ámæli fyrir að taka ekki nægilega hart á spillingarmálum innan þingsins þegar fregnir bárust af því að þingmenn hefðu þegið mútur frá stjórnvöldum í Aserbaídsjan í tengslum við eftirlit með mannréttindamálum og kosningum þar í landi. Á vormánuðum fór Agramunt svo í umdeilda ferð til Sírlands og hitti Bashar al-Assad forseta. Á Evrópuráðsþinginu í apríl gaf Agramunt kost á þinglegum yfirheyrslum um Sírlandsferðina og í kjölfarið lýstu flokkahópar því yfir að hann nyti ekki trausts til áframhaldandi starfa. Framkvæmdastjórn þingsins ályktaði auk þess að Agramunt væri bannað að fara í opinberar heimsóknir á vegum Evrópuráðsþingsins og senda frá sér yfirlýsingar í nafni þess. Hins vegar leyfðu þingsköp ekki að borin væri fram vantrauststillaga gegn honum. Á fundi sendinefnda Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna var ákveðið að formaður Íslandsdeildar mundi skrifa bréf til þingsins til að skýra afstöðu landanna til lögfræðilegra álitamála og lýsa stuðningi við fyrirhugaðar breytingar á þingsköpum. Allar landsdeildir Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna skrifuðu undir bréfið og Íslandsdeildin sá um að dreifa því til annarra þingmanna.

Í umræðum lýstu nær allir ræðumenn sig samþykka breytingunum á þingsköpum. Í máli þeirra kom fram að þingleg ábyrgð hvíldi á því að hægt væri að draga kjörna fulltrúa til ábyrgðar og setja þá af ef þyrfti. Þetta hefði af einhverjum orsökum skort í reglur Evrópuráðsþingsins hingað til. Flestir sem tóku til máls vonuðust til þess að breytingin á þingsköpum og brotthvarf Agramunts endurvekti traust á Evrópuráðsþinginu. Þingmaður Aserbaídsjan taldi hins vegar að þessi reglubreyting mundi skaða trúverðugleika stofnunarinnar og benti á að þegar þingmenn Evrópuráðsþingsins hefðu heimsótt önnur umdeild hernumín svæði, t.d. Nagorno-Karabakh og Krímskaga, hefði ekki komið fram svipuð gagnrýni. Þingmaður Moldóvu tók undir það að gjörðir þingsins bæru vott um tvöfalt siðgæði. Breytingin á þingsköpum var samþykkt í atkvæðagreiðslu með 154 atkvæðum gegn 30 og tveimur dögum síðar var lögð fram vantrauststillaga gegn Agramunt forseta. Hún verður tekin til umræðu og atkvæðagreiðslu á næsta þingi, eins og hinar nýju reglur þingsins kveða á um.

Heill dagur var lagður undir umræður um fjórar skýrslur og tengdar ályktanir um flóttamannamál. Sú fyrsta fjallaði um mannúðaraðstoð og viðbrögð stjórnvalda við flóttamannastraumnum, önnur um viðbrögð Evrópulanda við flóttamannastraumnum í ljósi mannréttinda flóttafólks, sú þriðja um fólksflutninga sem tækifæri fyrir þróun og vöxt í Evrópu og sú fjórða um aðlögun flóttafólks á álagstímum. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Thorbjørn Jagland, og Giorgos Kaminis, borgarstjóri Apenu, fluttu ávörp auk mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins og dómsmálaráðherra Svíþjóðar. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir tók til máls í umræðum um aðlögun flóttafólks og fólksflutninga sem tækifæri til þróunar í Evrópu. Hún sagði það skyldu Íslands sem vel staðs lands að gera meira til að bregðast við flóttamannavandanum. Ekki ætti að líta á flóttafólk sem byrði á efnahag landsins heldur horfa til þess sem fólkið gæti lagt af mörkum til

samfélagsins. Hún deildi reynslu Íslands af móttöku flóttafólks og benti á að í nýlegri skýrsla um stöðu flóttafólks hefði verið komist að þeirri niðurstöðu að tungumálið væri lykkillinn að aðlögun. Í ljósi þess væri nauðsynlegt að styðja sérstaklega við börn á skólaaldri og bæta íslenskukennslu og túlkabjónustu. Bjarkey sagði að þegar rætt væri um flóttamannamál þyrfti ávallt að hafa virðingu fyrir mannréttindum og umburðarlyndi í forgrunni og að mikilvægt væri að takast á við orðræðu sem sprottin væri úr ótta og óöryggi. Þannig væri hægt að breyta fordómum í skilning.

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir kom með fyrirspurn til formanns ráðherra nefndar Evrópuráðsins, Lubomír Zaorálek, utanríkisráðherra Tékklands. Fyrirspurn Þórhildar Sunnu sneri að ummælum Anders Samuelsen, utanríkisráðherra Dana og verðandi formanns ráðherra nefndarinnar, um að Evrópudómstóllinn leyfði sér of rúma túlkun á mannréttinda-sáttmálanum og að setja þyrfti honum vinnureglur. Hún spurði hvort ráðherra nefndin hefði vitneskju um fyrirætlanir danska utanríkisráðherrans í formennsku sinni og hvort þetta hefði verið rætt í ráðherra nefndinni. Zaorálek svaraði því til að Danir hefðu enn ekki gert opinbera stefnu sína fyrir formennskuna og því gæti hann ekki svarað fyrir hana. Hann fullvissaði þingið hins vegar um að tékkneska formennskan styddi mannréttindasáttmálann að fullu og að helsta verkefni ráðherra nefndarinnar væri að tryggja virkni eftirlitsstofnunar sáttmálans, það er Mannréttinda-dómstólsins. Í umræðum um framkvæmd dóma Mannréttindadómstóls Evrópu tók Þórhildur Sunna einnig til máls. Hún sagði mannréttindasáttmála Evrópu vera stærstu gjöf forvera okkar til friðar og mannréttinda Evrópubúa. Það væri mikilvægt að stofnaðilar sáttmálans stæðu saman að því að verja hann og leyfðu ekki öðrum að rýra traust til hans. Hún lýsti áhyggjum sínum af fyrrnefndum ummælum danska ráðherrans. Framkvæmdaarmur Evrópuráðsins, þ.e. ráðherra nefndin, gæti haft áhrif á skilvirkni dómstólsins en það væri alls óviðeigandi að reyna að hafa áhrif á efnislega túlkun hans á mannréttindasáttmálanum.

Í almennum umræðum tók Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir til máls fyrir hönd síns flokkahóps og ræddi skattundanskot og skattaskjól. Hún sagði frá því hvernig lekinn, sem síðar var kallaður Panamaskjöldin, hefði skekið stjórn málin á Íslandi vorið 2016 og leitt til þess að boðað var til snemmbúinna kosninga. Skattundanskot væru víðtæk og áætlað væri að Evrópusambandslönd yrðu af milljörðum evra ár hvert vegna þeirra. Þessar upphæðir væri hægt að nota í sameiginleg verkefni líkt og skóla og heilbrigðiskerfi. Bjarkey benti á að þrátt fyrir aðgerðaáætlanir á vegum ESB, OECD og annarra alþjóðasamtaka síðustu ár sýndu Panamaskjöldin að lítil árangur hefði náðst. Þörf væri á auknu gagnsæi og skýrara lagaumhverfi.

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir hélt erindi á hliðarviðburði um jafnrétti á vegum frjálsra félagasamtaka þar sem umræðuefnið var stjórn mála þátttaka kvenna. Á viðburðinum fluttu erindi stjórn málamenn og fulltrúar baráttusamtaka kvenna frá Póllandi, Írlandi, Tyrklandi og Íslandi. Í ræðu sinni lýsti Þórhildur Sunna tilfinningunni þegar hún tók í fyrsta skipti þátt í baráttufundi fyrir jöfnum launum karla og kvenna. Þrátt fyrir baráttufundi íslenskra kvenna síðustu áratuga væri þó enn kynbundinn launamunur til staðar á Íslandi og starfsstéttir karla metnar mun hærra en starfsstéttir kvenna. Hún ræddi einnig um ný lög um jafnlaunavottun og benti á að stjórn mála-flokkur sinn hefði verið gagnrýninn á vinnslu málsins og ýmsa þætti laganna.

Af öðru sem var samþykkt á þinginu má nefna ályktun um útrýmingu kynbundins ofbeldis á almannasvæðum, að auka heiðarleika stjórnvalda til að takast á við spillingu meðal stjórn málamanna og um áhrif stjórn málamanna á fjölmiðla. Einnig var rætt um eftirlit þinga með spillingu og ástandið í Hvíta-Rússlandi. Þingið samþykkti auk þess að halda umræðu um baráttu Evrópulanda gegn hryðjuverkum undir umræðum um knýjandi málefni, að frumkvæði Tyrkja. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins og á vefsvæðinu www.assembly.coe.int.